

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Mucomyst freyðitöflur 200 mg acetylcystein

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækurinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækurinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Mucomyst og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Mucomyst
3. Hvernig nota á Mucomyst
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Mucomyst
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Mucomyst og við hverju það er notað

Mucomyst er slímlosandi lyf, sem er notað við hósta með seigum slímuppgangi. Mucomyst er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 5 ára.

Ef lækurinn hefur sagt þér að taka Mucomyst við einhverju öðru átt þú alltaf að fylgja fyrirmælum læknisins.

2. Áður en byrjað er að nota Mucomyst

Lækurinn gæti hafa ávísað lyfinu til annarrar notkunar eða í öðrum skömmtum en lýst er í þessum fylgiseðli. Fylgið alltaf fyrirmælum læknisins og leiðbeiningum á merkimiða úr apóteki.

Ekki má nota Mucomyst

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir acetylcysteini eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef þú hefur nýlega hóstað upp blóði.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Mucomyst er notað.

Börn

Ekki má nota Mucomyst handa börnum yngri en 5 ára nema að læknisráði.

Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Mucomyst

- ef þú ert með astma eða sögu um samdrætti í öndunarvegi (berkjukrampa)
- ef þú ert með eða hefur fengið magasár.

Notkun annarra lyfja samhliða Mucomyst

Segðu læknum frá því ef þú notar blóðþynnningarlyf.

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð. Þetta á einnig við um lyf sem eru fengin án lyfseðils, lyf sem keypt eru erlendis, náttúruylf, sterk vítamín, steinefni og fæðubótarefni.

Notkun Mucomyst með mat eða drykk

Taka má Mucomyst með mat eða drykk.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Meðganga

Ekki á að taka Mucomyst nema að læknisráði.

Brjóstgjöf

Engin reynsla er af notkun lyfsins samhliða brjóstgjöf. Engar upplýsingar liggja fyrir um útskilnað acetylcysteins í brjóstamjólki. Spyrjið lækninn.

Akstur og notkun véla

Mucomyst hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Mucomyst inniheldur natríum og laktósa

Lyfið inniheldur 99,26 mg af natríum (aðalefnið í matarsalti) í hverri töflu. Þetta jafngildir 5% af daglegri hámarksinntöku natríums úr fæðu skv. ráðleggingum fyrir fullorðna.

Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er tekið inn.

3. Hvernig nota á Mucomyst

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lyfjafræðingi.

Ráðlagður skammtur er:

Fullorðnir: 1 freyðitafla 3 sinnum á dag.

Notkun handa börnum og unglungum

Börn eldri en 5 ára: 1 freyðitafla 2 sinnum á dag.

Ekki má nota Mucomyst handa börnum yngri en 5 ára nema að læknisráði.

Notkunarleiðbeiningar

Leysið freyðitöflurnar upp í ½ glasi af vatni. Ekki á að taka Mucomyst seint á kvöldin, þar sem hósta þarf upp þunnfljótandi slími við upphaf meðferðarinnar og það getur raskað nætursvefni.

Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Hafið samband við lækni, bráðamóttöku eða lyfjafræðing ef teknar hafa verið fleiri Mucomyst freyðitöflur en hér er mælt fyrir um, eða fleiri en læknirinn hefur ávísað, og vanlíðan fylgir á eftir. Takið umbúðir lyfsins með.

Einkenni ofskömmtunar eru ógleði og uppköst.

Ef gleymist að taka Mucomyst

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka, heldur halda áfram með venjulega skammta.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Alvarlegar aukaverkanir

Sjaldgæfar aukaverkanir ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$):

Berkjukrampi (mæði, öndunarerfiðleikar, köst sem líkjast astma, andnauð). Hafði tafarlaust samband við lækni eða bráðamóttöku. Hringið e.t.v. í 112.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$):

Ofnæmisjúgur (útbrot, ofsakláði og þroti). Getur verið alvarlegt. Ræðið við lækinn. Þroti í andliti, vörum og tungu getur verið lífshættulegur. Hringið í 112.

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum):

Alvarleg bráðaofnæmisviðbrögð, með einkennum í húð, öndunarerfiðleikum, alvarlegri andnauð og blóðþrýstingsfalli.

Aukaverkanir sem ekki eru alvarlegar

Mjög algengar aukaverkanir ($\geq 1/10$):

Ógleði, niðurgangur.

Sjaldgæfar aukaverkanir ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$):

Magaverkur.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$):

Útbrot, kláði, ofsakláði.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Mucomyst

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Geymið í upprunalegum umbúðum, vel lokuðum, til varnar gegn raka. Geymið við lægri hita en 30°C.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP.

Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Mucomyst inniheldur

- Virka innihaldsefnið er acetylcystein.
- Önnur innihaldsefni eru: Vatnsfrí sítrónusýra, natriúmhydrógenkarbónat, natriúmsakkarín (E954), vatnsfrítt natriumkarbónat, vatnsfrír laktósi, mannítól, sítrónubragðefni, natriúmsítrat tvíhýdrat, natriumcýklamat (E952).

Lýsing á útliti Mucomyst

Mucomyst er kringlótt, hvít freyðitafla. Engin áletrun er á töflunni.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Viartis ApS
Borupvang 1
2750 Ballerup
Danmörk

Framleiðandi

HERMES PHARMA GmbH
Hans-Urmiller-Ring 52
82515 Wolfratshausen
Þýskaland

Samhliða innflutningur og merking

Lyfjaver ehf, 108 Reykjavík, Ísland.
Endurpakkað af UAB Actiopharma, Kaunas, Litáen.

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í desember 2025.